

25. gr.

Lög þessi gildi frá 1. janúar 1974. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 78 10. ágúst 1970, um lífeyrissjóð sjómanna.

Ákvæði til bráðabirgða.

Elli-, örorku- og makalífeyrisgreiðslur samkvæmt lögum þessum skulu á árinu 1972 miðast við grundvallarlaun 1967—1971 eða $\frac{1}{2}$ grundvallarlauna í ársbyrjun 1972, sbr. 11. gr. og 2. málsg. 12. gr. Árið 1973 skulu greiðslur þessar miðast við grundvallarlaun 1968—1972 eða $\frac{1}{2}$ grundvallarlauna í ársbyrjun 1973, og árið 1974 skulu þær miðast við grundvallarlaun 1969—1973 eða $\frac{1}{2}$ grundvallarlauna í ársbyrjun 1974. Fyrsta tryggingafræðilega uppgjöri sjóðsins samkvæmt ákvæðum 8. gr. skal lokið eigi síðar en á árinu 1974, en að því loknu skal tekin ákvörðun um breytingar á lífeyrisgreiðslum í samræmi við ákvæði 16. gr. frá 1. janúar 1975 að telja. Á sama tímabili skulu lífeyrisgreiðslur, sem ákvarðast samkvæmt eldri lögum, sbr. 1. og 3. málsg. 23. gr., hækka í hlutfalli við þá hækkun, er orðið hefur á 5 ára meðaltali grundvallarlauna frá því, er taka lífeyris hófst.

Skipverja á togara eða undirmanni á farskipi, sem hinn 12. júní 1958 var orðinn eldri en 55 ára, skulu reiknuð réttindi eins og um iðgjaldagreiðslur til sjóðsins hefði verið að ræða frá 55 ára aldri. Sama gildir um sjóðfélaga, er verið hafa á skipum, sem 3. málsg. 2. gr. tekur til, með þeirri breytingu, að í stað 12. júní 1958 komi 31. desember 1969 eða annað það tímamark síðar, sem aðild að sjóðnum er miðuð við í hlutaðeigandi starfsgrein. Ríkissjóður endurgreiðir sjóðnum árlega þann kostnað, sem af ákvæði þessarar málsgreinar leiðir. Sama gildir um þann kostnað, sem lífeyrissjóðir þeir, sem tryggja yfirmenn farskipa, verða að greiða vegna sömu reglna og hér um ræðir.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 41 27. apríl 1963, um aðstoð ríkisins við kaupstaði og kaupún vegna landakaupa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. gr. orðist svo:

Lánstími má vera allt að 15 ár. Heimilt er að ákveða, að lán verði afborgunarlaust fyrstu þrjú árin. Vextir af lánum þessum verði 3% lægri en almennir útlánsvextir lánastofnana.

Skilyrði ríkisábyrgðar er, að ríkisábyrgðarlánið sé, að dómi ríkisstjórnarinnar, með svo hagstæðum kjörum, að sveitarfélagið fái risið undir því.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1974.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Magnús T. Ólafsson.

L Ö G

um gatnagerðargjöld.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimt skuli gatnagerðargjald af hverri lóð, áður en þar er veitt byggingarleyfi. Heimilt er að krefja gatnagerðargjald, ef reist er nýtt hús á lóð, sem áður var byggð. Sama gildir, ef hús er stækkað, að því er stækkunina varðar.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðarframkvæmda í sveitarfélaginu, og má það nema allt að áætluðum meðalkostnaði við að undirbyggja götu með tilheyrandi lögnum og slitlagi.

3. gr.

Sveitarstjórnnum er heimilt að ákveða með sérstakri samþykkt, sem ráðherra staðfestir, að innheimta sérstakt gjald, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur í sveitarfélaginu og til lagningar gangstétta.

Heimild til að leggja á slík gjöld er bundin við það, að sveitarfélagið hafi ekki áður innheimt af hlutaðeigandi fasteign gatnagerðargjald, sem ætlað hefur verið a. m. k. að hluta til bundins slitlags.

4. gr.

Gjald skv. 3. gr. má innheimta af öllum fasteignum við þær götur, sem bundið slitlag er sett á og þar sem gangstéttir eru lagðar. Má gjaldið nema allt að áætluðum meðalkostnaði við þessar framkvæmdir.

5. gr.

Við ákvörðun gjalda skv. 1. og 3. gr. laga þessara skal miða við lóðarstærð og/eða rúmmál bygginga, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt. Gjöld mega vera mismunandi eftir notkun húss, t. d. eftir því, hvort um er að ræða hús til íbúðar, verslunar, iðnaðar o. s. frv. Þá mega gjöld af íbúðarhúsum vera mismunandi eftir því, hvort um er að ræða einbýlishús, raðhús, fjölbýlishús o. s. frv.

6. gr.

Gatnagerðargjald skv. 1. gr. skal vera gjaldkræft, þegar sveitarstjórn krefst, eftir því sem nánar er ákveðið í samþykkt.